

Ósk um nánari rökstuðning fyrir afstöðu sveitarstjórnar - beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð, Eyjaás 16

Til : Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>;blaskogabyggd@blaskogabyggd.is
<blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>
Frá : Kristín Sandra Karlsdóttir <kristin.s.karlsdottir@irn.is>
Heiti : Ósk um nánari rökstuðning fyrir afstöðu sveitarstjórnar - beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð, Eyjaás 16
Málsnúmer : 2311014
Málsaðili : Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið
Skráð dags : 19.06.2024 11:09:32
Höfundur : Kristín Sandra Karlsdóttir <kristin.s.karlsdottir@irn.is>

Viðhengi [Umsögn Skipulagsstofnunar.pdf](#)[Umsögn Skipulagsstofnunar.pdf](#)

Tilvísun í mál: IRN23120159

Góðan dag,

Ráðuneytið vísar til umsagnar sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, dags. 12. desember 2023, vegna beiðni Teits Eyjólfssonar um undanþágu frá gr. 5.3.2.14 skipulagsreglugerðar nr. 123/2010 vegna fjarlægðar byggingareits á lóðinni Eyjaás 16, Eyvindartungu, frá Djúpá. Í umsögninni kom fram að sveitarstjórn leggist gegn veitingu undanþágunnar án þess að sú afstaða sé rökstudd frekar.

Ráðuneytið aflaði einnig meðfylgjandi umsagnar Skipulagsstofnunar um beiðnina í samræmi við 13. mgr. 45. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Í umsögninni kemur m.a. fram það mat stofnunarinnar að ekki liggi fyrir nægilega haldbær rök sveitarstjórnar fyrir höfnun á veitingu undanþágu, sér í lagi þar sem sveitarfélagið hefur þegar samþykkt og birt til gildistöku deiliskipulag þar sem byggingareitur er í 32 metra fjarlægð frá ánni.

Með vísan til þess sem fram kemur í umsögn stofnunarinnar óskar ráðuneytið eftir nánari rökstuðningi fyrir afstöðu sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Þess er óskað að svar berist ráðuneytinu eigi síðar en 3. júlí nk.

Kveðja,
Kristín Sandra

Kristín Sandra Karlsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser
Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála / Department of housing and planning
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing